

385. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. desember 2017
og hófst hann kl. 08:05.

Fundinn sátu:

Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir varamaður, Sigurður Jón Hreinsson varamaður og Auður Helga Ólafsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundinn sitja undir málefnum grunnskóla: Jóna Benediktsdóttir fulltrúi skólastjórnenda, Kristín Björg Jóhannsdóttir og Laufey Eypórsdóttir fulltrúar kennara. Helga Björk Jóhannsdóttir fulltrúi leikskólastjórnanda og Bryndís Gunnarsdóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Skólamál á Flateyri - 2016110039

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem fram kemur ósk starfshóps um skólamál á Flateyri um að sameina leikskólann og grunnskólann.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar tekur undir með samráðshópi um leik- og grunnskólastarf á Flateyri og telur fagleg rök og hagsmuni nemenda, kennara, annars starfsfólks sem og íbúa Flateyrar mæla með því að umræddir skólar verði sameinaðir í eina stofnun. Samkvæmt fyrirætlunum samráðshópsins mun álit hans á húsnæðismálum sameinaðs skóla liggja fyrir í lok vorannar 2018.

Gestir

Unnur Björk Arnfjörð skólastjóri leik- og grunnskóla Önundarfjarðar, var í símasambandi - 08:15

3. Áætlanir og skýrslur grunnskóla skólaárið 2017-2018 - 2017090074

Lagðar fram starfsáætlanir Grunnskólans á Þingeyri og Grunnskóla Önundarfjarðar fyrir skólaárið 2017-2018

Fræðslunefnd þakkar fyrir framkomnar skýrslur og áætlanir.

4. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048

Staða vinnu við endurskoðun skólastefnu Ísafjarðarbæjar kynnt.

Fræðslunefnd felur starfsmönnum skóla- og tómstundasviðs áframhaldandi vinnu við að vinna úr þeim hugmyndum sem fram hafa komið á þeim fundum sem haldnir hafa verið í öllum kjörnum Ísafjarðarbæjar.

Jóna Benediktsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Ísafirðri færði nefndarmönnum og áheyrnafulltrúum segul að gjöf frá nemendum í Grunnskólanum á Ísafirði með áletruninni "netið gleymir engu, hugsum áður áður en við póstum"

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:50

Bragi Rúnar Axelsson

Jónas Þór Birgisson

Sif Huld Albertsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir